

39

27. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 37 frá 19. maí 1930, um skráning skipa.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Aftan við 12. gr. laganna komi ný málsg.:
Fyrir nafnbreytingu á skipi, sem er undir 30 rúmlestum, skal greiða 100 kr., en yfir 30 rúmlestum 300 kr., og renni gjald þetta í ríkissjóð.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

40

27. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 12 9. jan. 1935, um iðnlánasjóð.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk iðnlánasjóðs er að styðja iðju og iðnað í landinu með hagkvæmum lán-um, og leggur ríkissjóður fram til hans árlega 65000 kr.

2. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt að gefa út handhafavaxtabréf, og má hann jafnan hafa í umferð bréf, er nema að nafnverði allt að tvöföldum þeim höfuðstól, sem hann hefur á hverjum tíma. Bréf þessi skulu tryggð með höfuðstól sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs.

3. gr.

Síðasta málsg. 2. gr. laganna orðist svo:

Um allar lánbeiðnir úr sjóðnum skal leita umsagnar þriggja manna nefndar, sem ráðherra skipar til þriggja ára í senn. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu stjórnar Landssambands iðnaðarmanna og annar eftir tilnefningu stjórnar Félags íslenskra iðnrekenda.

4. gr.

Úr fyrstu málsg. 3. gr. laganna fellur orðið „smærri“ burt.

5. gr.

Fyrsta málsg. 5. gr. laganna falli burt, en í hennar stað komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Beiðnir um lán úr iðnlánasjóði skulu vera skriflegar, og fylgi þeim:

6. gr.

40

Úr 6. gr. laganna falli burt orðin „Ekkert lán má þó fara fram úr 5000 kr.“, en í þeirra stað komi: Ekkert lán má þó vera hærra en sem nemur $\frac{1}{5}$ — einum fimmta hluta — nettótekna sjóðsins árið áður.

7. gr.

Orðin „úr rikissjóði“ í 9. gr. laganna falli burt, en í þeirra stað komi: af tekjum sjóðsins.

8. gr.

Á eftir „iðnaðarmanna“ í 10. gr. laganna komi: stjórn Félags íslenzkra iðnrekenda.

9. gr.

Í stað „ráðherra“ í 13. gr. laganna komi: sjóðsstjórnin.

10. gr.

Í stað orðanna „af yfirskoðunarmönnum landsreikninga“ í 14. gr. laganna komi: af tveimur mönnum, er ráðherra skipar.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

L Ö G

41

um breyting á lögum nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd.

27. júní

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir orðin „285000 — tvö hundruð áttatíu og fimm þúsund krónur“ í 1. gr. laganna kemur: 400000 — fögur hundruð þúsund krónur.

2. gr.

Fyrir orðin „320000 — þrjú hundruð og tuttugu þúsund króna“ í 2. gr. laganna kemur: 600000 — sex hundruð þúsund króna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.